

AUGLÝSING

um friðland í Surtsey.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og með samþykki Vestmannaeyjabæjar ákveðið að endurnýja friðlýsingu Surtseyjar þannig að friðlýsingin nái til eldstöðvarinnar allrar, ofan sem neðansjávar, þ.m.t. gíganna Jólnis, Syrtlings og Surtlu og tiltekins hafsvæðis umhverfis eyna. Hið friðlýsta svæði er friðað sem friðland, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar sjálfar sbr. 1. gr. laga um náttúruvernd. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti og truflun af völdum manna sem minnst.

Friðlýsingin byggir m.a. á því að svæðið hefur hátt vísinda- og náttúruverndargildi á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, þar eru heildstæðar og óraskaðar náttúruáminjar sem endurspeglar náttúrulega þróunarferla og eru afar viðkvæmar fyrir röskun.

3. gr.

Mörk friðlandsins.

Friðlandið nær til Surtseyjar ofan sjávarmáls og niður á hafsbotn ásamt hafsvæði umhverfis eyna sem markast af línu sem dregin er milli fjögurra hornpunkta, sbr. meðfylgjandi töflu. Hnit punktanna eru gefin upp í ISN93 kerfi og lengd og breidd (gráðum, mínútum og sekúndum). Mörk svæðisins eru sýnd á korti sem fylgir auglýsingu þessari.

Tafla	ISN93		Gráður	
Punktur:	x-hnit	y-hnit	V-læg lengd	N-læg breidd
1	415350	315875	20°41'15"	63°16'08"
2	423700	315875	20°41'15"	63°20'22"
3	423700	308020	20°31'16"	63°20'22"
4	415350	308020	20°31'16"	63°16'08"

4. gr.

Umsjón friðlandsins o.fl.

Umhverfisstofnun fer með umsjón friðlandsins. Umhverfisstofnun til ráðgjafar um mál-efni friðlandsins er sex manna ráðgjafarnefnd sem skipuð skal einum fulltrúa Surtseyjarfélagsins, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar og tveimur fulltrúum Vestmannaeyjabæjar. Fulltrúi Umhverfisstofnunar skal vera formaður nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Surtseyjarfélagið samræmir og leitast við að efla vísindarannsóknir í Surtsey og innan marka friðlandsins. Gera skal sérstakan samning þar að lútandi sem umhverfisráðherra staðfestir.

Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir og annast reglubundna vöktun náttúrufars í friðlandinu í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina og Surtseyjarfélagið.

5. gr.

Umferð í friðlandinu.

Óheimilt er að fara í land í Surtsey eða kafa við eyna nema til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim og þá með skriflegu leyfi Umhverfisstofnunar.

Siglingar í friðlandinu umhverfis Surtsey eru heimilar.

6. gr.

Verndun gróðurs, dýralífs og jarðmyndana.

Óheimilt er að spilla gróðri, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúru-minjum í friðlandinu.

Óheimilt er að flytja í eyna lifandi dýr, plöntur, fræ eða plöntuhluta og aðrar lífverur. Jafnframt er óheimilt að flytja í eyna jarðefni og jarðveg.

7. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Mannvirkjagerð, jarðrask, efnistaka og aðrar breytingar á landi og hafsbotni innan friðlandsins eru óheimilar nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar Vestmannaeyjabæjar að fenginni umsögn Surtseyjarfélagsins. Heimilt er að halda við mannvirkjum, svo sem skála Surtseyjarfélagsins (Pálsbæ) og lendingaraðstöðu fyrir þyrllu í eyinni eins og verið hefur og lýst er í verndaráætlun.

Óheimilt er að urða sorp eða skilja það eftir í eyinni eða innan friðlandsmarka.

8. gr.

Veiði og notkun skotvopna.

Veiðar með veiðarfærum sem dregin eru eftir botni svo sem botnvörpu, dragnót og plóg eru óheimilar í friðlandinu, innan svæðis sem afmarkast af eftirfarandi punktum, **1)** 20°36'04" V og 63°16'08" N **2)** 20°40'00" V og 63°16'08" N **3)** 20°40'00" V og 63°17'52" N **4)** 20°35'31" V og 63°20'22" N **5)** 20°31'16" V og 63°18'15" N.

Notkun skotvopna er bönnuð í friðlandinu, bæði á landi og sjó.

9. gr.

Undanþágur.

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Vestmannaeyjabæjar, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum.

10. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

11. gr.
Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um friðlýsingu Surts-
eyjar, nr. 122/1974.

Umhverfissráðuneytinu, 27. janúar 2006.


Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Mynd.

Kort og þversnið af friðlandinu Surtsey. Staðsetning hornpunkta friðlandsins er gefin í breidd og lengd (gráðum, mínútum og sekúndum). Rauð lína afmarkar svæði þar sem veiðar með veiðarfærum sem dregin er eftir botni eru bannaðar, sbr. 8. grein. Austan gulu línunnar eru slíkar veiðar einnig bannaðar, sbr. reglugerð um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi, nr. 148/1998.



(Mynd: Náttúrufræðistofnun Íslands, 2006.)